

**Sérkjarasamningur milli**

**Eflingar-stéttarfélags og VSFK vegna öryggisvarða annars vegar**

**og Samtaka atvinnulífsins vegna Securitas hf hins vegar**

**1. gr.**

**Samningstími**

Samningur þessi er hluti af aðalkjarasamningi aðila og hefur sama gildistíma og hann.

**2. gr.**

**Gr. 1.3. verði svohljóðandi:**

Lausar stjórnunarstöður í gæsludeild og stjórnstöð skal að öllu jöfnu auglýsa innanhúss hjá fyrirtækinu.

**3. gr.**

**Grein 2.3. verði svohljóðandi:**

Matartími öryggisvarða gæslu skal vera 35 mín á hverri vakt og telst hann til vinnutíma. Á hverri 5-8 klst vakt skal auk þess gera ráð fyrir einum 20 mín kaffítíma en séu vaktir lengri komi tveir kaffítímar 20 mín hvor. Kaffítímar teljast til vinnutíma.

Matar- og kaffítímar skulu teknir með tilliti til aðstæðna. Geti öryggisvörður ekki, vegna almennt afbrigðilegra aðstæðna svo sem óveður, ófærð, rafmagnsleysi o.p.h., tekið neysluhlé skal hann fá það greitt sérstaklega.

**4. gr.**

**Grein 3.1.4. verði svohljóðandi:**

Starfsmenn sem ráðnir eru til vaktstjórastarfa fá sérstaka greiðslu, sem tilgreind er í ráðningarsamningi, fyrir þá auknu ábyrgð og önnur störf sem fylgja vaktstjórastarfinu. Við ákvörðun launa er sérstaklega litið til ábyrgðar og umfangs starfsins. Starfsmanni sem falin er tímabundin vaktstjórn til skemmri eða lengri tíma fá sérstaka bónusgreiðslu.

**5. gr.**

**Grein 5.1. verði svohljóðandi:**

Securitas sér starfsmönnum fyrir vinnufatnaði þeim að kostnaðarlausu. Viðeigandi fatnaði er úthlutað til starfsmanna eftir eðli verkefna. Skal fatnaðurinn vera hreinn og óskemmdur við afhendingu. Fatnaðurinn telst vera eign vinnuveitanda.

Securitas úthlutar skóm til afnota eftir þörfum við ráðningu. Þó eftir 6 mánaða starf á starfsfólk rétt á vinnuskóm, þó aldrei meira en eitt par á ári nema starfsmaður sinni tveimur eða fleiri ólíkum verkefnum þar sem gerð er krafa um sérstakan skóbúnað. Notuðum skóm skal skila til fyrirtækisins

þegar nýir eru afhentir. Ef starfsmaður hættir innan 6 mánaða ber honum að greiða skó til baka. Endurgreiðslan miðast við kostnaðarramma fyrirtækisins vegna skókaupa á hverjum tíma.

Securitas annast þrif á fatnaði sem krefst þrifa hjá fagaðila í fatahareinsun. Starfsmaður annast þrif á öðrum fatnaði.

Óheimilt er að nota vinnufatnað og vinnuskó utan vinnutíma.

Við starfslok er gert ráð fyrir að starfsmenn skili vinnufatnaði, skilríkjum og öðrum búnaði sem þeir hafa fengið úthlutað, um leið og launauppgjör er afhent á skrifstofum fyrirtækisins.

## 6. gr.

### 7. kafli verði svohljóðandi:

7.1. Áður en starfsmaður fer í þjálfun í væntanlegt starf í fyrirtækinu, skal fyrirtækið vera búið að halda viðeigandi grunnnámskeið fyrir hinn nýja starfsmann. Þar skal m.a. farið yfir starfsreglur og starfsskyldur öryggisvarða. Einnig skal afhenda starfsmanni sérsamning um starf þeirra. Námskeiðið getur farið fram með rafrænum hætti að hluta til eða að öllu leiti. Starfsmaður sem þjálfar byrjanda í starfi skal fá greitt 10% álag meðan á þjálfun stendur.

7.2. Við upphaf starfstíma skulu starfsmenn njóta viðeigandi starfsþjálfunar með tilliti til eðli verkefna. Að jafnaði skal starfsþjálfun vera allt að 40 klst.

## 7. gr.

### 10. kafli. verði svohljóðandi:

10.1. Öryggisvörðum er heimilt að kjósa sér eftirfarandi trúnaðarmenn: Einn vegna farandgæslu og einn vegna staðbundinnar gæslu. VSFK er heimilt að kjósa trúnaðarmann á sínu starfssvæði. Trúnaðarmönnum á vinnustað skal gefinn kostur á að sækja námskeið er miðar að því að gera þá hæfari í starfi. Þeir sem námskeiðin sækja skulu halda dagvinnulaunum í 8 klst. á dag í allt að 5 daga á ári, skv. taxta hvers og eins, hvort sem námskeið eru haldin í vaktaviku trúnaðarmanns eða utan. Aðeins einn trúnaðarmaður sækir námskeið í senn.

## 8. gr.

### Bókun II [1995, 2004 og 2019] Mat á vinnuálagi verði svohljóðandi:

Innan fyrirtækisins skal starfa fjögurra manna nefnd. Skulu starfsmenn tilnefna tvo menn og fyrirtækið tvo. Hlutverk nefndarinnar skal vera að meta vinnuálag í starfi öryggisvarða og breytingar þar á og gera tillögur til framkvæmdastjóra um úrbætur.

Álagsnefnd skoði m.a. umfang truflunar í matar og kaffítíma öryggisvarða á stjórnstöð, farandgæslu og í staðbundinni gæslu. Leitað verði leiða til þess að tryggja sem minnsta truflun og skulu gerðar tillögur fyrir 1. maí ár hvert.

Reykjavík, 2. apríl 2019

f.h. Efplingar vegna öryggisvarða

Hafliði B W  
Jón Ingiur Guðsson Þorsteinn  
Fróði Þórðarson

F.h. Verkalýðs- og sjómannaþélags Keflavíkur

Guðrún Þóra Þórssen

f.h. Samtaka atvinnulífsins v/Securitas hf.

Guðmundur M. Guðmundsson  
Guðrún Írja Guðlaugsson  
Fámar Ólafur Þorbjörnsson